

Tengiliðir

Háskólinn í Dyflinni

Írland

Andy Way, samræmingarstjóri
andy.way@adaptcentre.ie

Iconic Translation Machines

Írland

Dana D. Sheridan
dana@iconictranslation.com

Hugvísinda- og félagsfræðideild

Háskólinn í Zagreb

Króatía

Petra Bago
pbago@ffzg.hr

Háskóli Íslands

Ísland

Gauti Kristmannsson
gautikri@hi.is

Landsbókasafn Noregs

Noregur

Jon Arild Olsen
jon.olsen@nb.no



Engaging Content
Engaging People



Part of the RWS Group



UNIVERSITY OF ICELAND
SCHOOL OF HUMANITIES



PRINCIPLE



Samfjármagnað af Sjóði fyrir samtengda
Evrópu hjá Evrópusambandinu

Um verkefnið

PRINCIPLE (Providing Resources in Irish, Norwegian, Croatian and Icelandic for Purposes of Language Engineering) er samstarf fimm aðila sem munu safna málföngum til máltækniþróunar:

- Háskólinn í Dyflinni (leiðir verkefnið)
- Háskóli Íslands
- Hugvísinda- og félagsfræðideild háskólans í Zagreb
- Landsbókasafn Noregs
- Iconic Translation Machines

PRINCIPLE er tveggja ára verkefni fjármagnað af Sjóði fyrir samtengda Evrópu (CEF) (Aðgerð 2018-EU-IA-0050, styrktarsamningur nr. INEA/CEF/ICT/A2018/1761837) þar sem aðalmarkmiðið er að greina, safna og vinna úr hágæða málföngum fyrir fjögur evrópsk tungumál þar sem á vantar:

- króatísku
- íslensku
- írsku
- norsku (bókmál og nýnorsku)

Sviðsbundin vélþýðingarkerfi verða notuð til að bæta gæði þýðinga í innviðum stafrænnar þjónustu (DSI) og hágæða málföng útbúin með áherslu á rafrænt réttarkerfi og rafræn innkaup samkvæmt eftirfarandi ferli:

- Innendar stofnanir og hagsmunaaðilar í Króatíu, Írlandi, Noregi og á Íslandi hafa samþykkt að láta PRINCIPLE-verkefninu málföng í té og gegna hlutverki snemmbúins notanda
- Iconic Translation Machines þróar þýðingavélar sem notast við tauganet til að ganga úr skugga um gæði málfanganna.
- Snemmbúnir notendur fá aðgang að þýðingavélum á meðan á verkefninu stendur til að meta gæði úttaksins í alvöru notandaumhverfi og koma með ábendingar.
- Málföngin verða gerð aðgengileg CEF eTranslation-þýðingavélum um gáttina ELRC-SHARE

Kjarnaverkefni

- Málföngum er safnað hjá eigendum gagna og snemmbúnum notendum í löndunum fjórum (á sviði rafræns réttarkerfis og rafrænna innkaupa)
- Vélþýðingarkerfi eru búin til úr málföngunum og þau metin til að tryggja að úttakið skili miklum gæðum
- Snemmbúnir notendur fá endurgjaldslausan aðgang að þýðingavélunum á meðan á verkefninu stendur
- Snemmbúnir notendur nota vélþýðingarkerfin og koma með ábendingar
- Á grundvelli úttaks frá þýðingavél og endurgjafar frá snemmbúnum notendum má bera kennsl á þau málföng sem eru af miklum gæðum
- Til að betrubæta sjálfvirka eTranslation-þýðingarkerfið er samhliða textaheildum af miklum gæðum hlaðið upp í ELRC-SHARE-gáttina.

Á meðan á PRINCIPLE-verkefninu stendur verður unnið í áföngum að sex viðfangsefnum:

- Viðfangsefni 1: Verkefni hrint í framkvæmd
- Viðfangsefni 2: Greining á notkunardæmum, formi gagna og undirbúningi gagna
- Viðfangsefni 3: Þróun, mat og innleiðing vélþýðingarkerfa
- Viðfangsefni 4: Greining, söfnun og sameining málfanga
- Viðfangsefni 5: Hagnýting og sjálfbærni
- Viðfangsefni 6: Upplýsingamiðlun

Tímarammi verkefnis

BYRJAR: SEPTEMBER 2019

2019

Fyrsti fundur

Áætlun um framkvæmd verkefnis innleidd

Greining á notkunardæmum og kröfum sem gerðar eru til gagna og undirbúnings þeirra

2020

Greining á vélþýðingarkerfum og högun þeirra

Fyrsti áfangi í gæðatryggingu gagna (grunnlína vélþýðingarkerfa)

Athuga hvort hægt sé að útvíkka ELRI NRS-módelið til allra landa verkefnisins

2021

Annar áfangi í gæðatryggingu gagna (önnur vélþýðingarkerfi)

Staðfest að gagnasöfn málfanganna uppfylla allar kröfur og þau send til ELRC-Share

Verkefninu hleypt af stokkunum í hverju landi

Endanleg úttekt fyrir öll 4 tungumálin

LÝKUR: ÁGÚST 2021

@principle_proj



PRINCIPLE Project



www.principleproject.eu

